

GMR Endurvinnslan ehf.  
Tangavegi 7  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. september 2015  
UST201506-193/E.D.K.  
08.03

### Áminning vegna vanskila á útstreymisbókhaldi

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 25. júní 2015, þar sem áformað var að áminna GMR Endurvinnsluna ehf. vegna þess að útstreymisbókhaldi fyrir árið 2014 hefur ekki verið skilað vegna starfsseminnar, en fresturinn rann út 1. maí sl. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald er sú skylda lögð á fyrirtæki sem falla undir I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 að skila árlega til Umhverfisstofnunar útstreymisbókhaldi vegna starfsseminnar.

**Umhverfisstofnun hefur ekki borist útstreymisbókhald frá GMR Endurvinnslunni ehf. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila áminningu fyrir frávikið, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til og með 25. september 2015 til að skila inn umbeðnum gögnum.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Guðbjörgu Stellu í Árnadóttur síma 591-2000 eða með tölvupósti á [gstella@ust.is](mailto:gstella@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllt

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur